

Mánudaginn 18. júní 1962.

Nr. 79/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson, saksóknari ríkisins)
gegn

Bjarna Magnússyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, var í rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens framkvæmd rannsókn á blóði ákærða, og fundust í því „reducerandi efni, er samsvara 1.33% af alkóhóli“. Í vottorði rannsóknarstofunnar, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir um framkvæmd rannsóknar þessarar: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur á báðum eins, þ. e. reducerandi efni, samsvarandi alcohóli, 1.33%.“ Samkvæmt þessu varðar háttsemi ákærða við ákvæði þau, sem í ákæru greinir.

Ákærða var hinn 5. október 1956 dæmd 1500 króna sekt og svipting ökuleyfis 6 mánuði fyrir akstur bifreiðar með áhrifum áfengis, og síðan hefur hann fimm sinnum sætt sektum fyrir umferðar- og ölvunarbrot.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin varðhald 20 daga.

Rétt er með hliðsjón af ferli ákærða að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 3000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Magnússon, sæti varðhaldi 20 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 3000.00, og laun verjanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. marz 1962.

Ár 1962, föstudaginn 16. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var á Frikirkjuvegi 11 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1159/1962: Ákærvaldið gegn Bjarna Magnússyni, sem tekið var til dóms 14. þ. m.

Með ákæru, útgefinni 26. f. m., er Bjarni Magnússon verkaður, Garðsenda 12 hér í borg, fæddur 11. maí 1936, ákærður fyrir að hafa um hádegisbil laugardaginn 13. f. m. undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 11524 frá Reykjavíkurhöfn að Garðsenda 12 og þaðan áleiðis að Skálagerði 15, unz hann var stöðvaður af lögreglu í Skálagerði.

Telst þetta varða við 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Í máli þessu er leitt í ljós, að nokkru fyrir hádegi laugardaginn 13. janúar s.l. ók ákærði bifreiðinni R 11524 neðan frá höfninni heim til sín og eftir nokkra viðdvöl þar niður í Skálagerði, þar sem hann var stöðvaður af lögreglu. Var ákærði undir áhrifum áfengis, en þó eigi miklum að eigin sögn. Í blóði, sem ákærða var tekið kl. 13.00, fundust reducerandi efni, er svara til 1.33% af alkóhóli.

Ákærði hefur, með því að stýra bifreið undir áfengisáhrifum, brotið gegn 2. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga.

Samkvæmt 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga telst ökumaður óhæfur til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef áfengismagn í blóði hans nemur 1.20% eða meira. Ber þá að refsa með varðhaldi eða fangelsi samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Rannsókn á blóði ákærða sýndi, sem fyrr getur, reducerandi efni, er svara til 1.33% af áfengi. Í ályktun Læknaráðs, staðfestri 20. desember

1960, er lögð var fram í hæstaréttarmálinu nr. 161/1959, segir, að deildin sé sammála álitum prófessors Jóns Steffensens, um nákvæmni alkóhólákvörðunar í blóði, en hann hafi í bréfi til Hæstaréttar 23. október 1960 lýst rækilega aðferðum við slíkar mælingar og látið uppi það álit, að á öllum mælingum megi gera ráð fyrir einhverri skekkju, eða um $\pm 0.1\%$, og einnig bent á, að óverulegt magn af rokgjörnum efnum sé í blóði heilbrigðra manna. Læknaráðið vitnar einnig í rit réttarlæknisfræðinganna Elbel og Schleyer: Der Blutalkohol, Stuttgart 1956, þar sem „eðlileg“ reducerandi efni blóðs séu talin 0.03% . Ráðið segir, að sjálfsagt sé að reikna með þessum „eðlilegu“ reducerandi efnum, þótt þeirra almennt gæti svo lítið, að litlu máli skipti.

Þegar höfð er í huga hugsanleg mælingarskekkja við áfengisákvörðun í blóði ákærða svo og hugsanleg eðlileg rokgjörn efni í blóði hans (þ. e. önnur en alkóhól), verður eigi talið alveg sannað, að alkóhól í blóði hans hafi í umrætt skipti verið svo mikið, sem gert er ráð fyrir í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærða, sem hefur áður (5. okt. 1956) verið dæmdur í sekt fyrir ölvun við akstur og auk þess 5 sinnum sætt á greiðslu smásekt, hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber samkvæmt ákvæðum, er í ákæru greinir, að svipta ákærða ökuleyfi sínu 1 ár frá birtingu dóms þessa, og ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Bjarni Magnússon, greiði 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi sínu 1 ár frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki þessu ákvæði dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.